



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Dreifibréf til eftirlitsskyldra aðila
B/T framkvæmdastjóra

16. nóvember 2017
Tilvísun: 2017110003

Efni: Breyting á framkvæmd við álagningu dagsekta vegna reglulegra gagnaskila

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að leggja á dagsektir þegar eftirlitsskyldur aðili skilar ekki til stofnunarinnar, innan tilskilins frests, gögnum sem teljast til reglubundinna gagnaskila, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og reglugerðar nr. 397/2010 um beitingu dagsekta og févítis í opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ákveða dagsektir sem hlutfall af tilteknum stærðum í rekstri eftirlitsskylds aðila eða að öðru leyti að hafa hliðsjón af fjárhagslegum styrkleika viðkomandi aðila við ákvörðun um fjárhæð dagsekta.

Fjármálaeftirlitið hefur hingað til ekki tekið tillit til stærðar eða fjárhagslegs styrkleika eftirlitsskylds aðila við álagningu dagsekta vegna dráttar á reglubundnum gagnaskilum og hefur að jafnaði lagt á dagsektir sem nema lægstu mögulegu fjárhæð, eða 10.000 krónur á dag.

Markmið dagsekta, hvað reglubundin gagnaskil varðar, er að knýja á um skil á gögnum innan tilsettra tímamarka. Dagsektir þurfa því að vera nægjanlega háar til að knýja það fram. Auk þess þarf að tryggja jafnræði við álagningu dagsekta þannig að þvingun um gagnaskil leggist með jöfnum þunga á alla eftirlitsskylda aðila.

Með hliðsjón af framansögðu hefur Fjármálaeftirlitið ákveðið að **breyta framkvæmd við álagningu dagsekta á eftirlitsskylda aðila vegna reglulegra gagnaskila þannig að fjárhæðir dagsekta taki mið af stærð og fjárhagslegum styrkleika viðkomandi aðila**. Við það mat verður m.a. höfð hliðsjón af því hvaða áhrif rekstrarstöðvun viðkomandi aðila gæti haft á fjármálastöðugleika og hagsmuni viðskiptavina. Fjármálaeftirlitið hefur því ákveðið að dagsektir vegna reglubundinna gagnaskila nemi frá **25.000 krónum til 100.000 krónum á dag**. Hin breytta framkvæmd mun því leiða til verulegrar hækkunar á dagsektum.

Hin breytta framkvæmd tekur gildi frá og með **1. janúar 2018** og tekur til allra reglubundinna gagnaskila eftirlitsskyldra aðila með skilaeindaga 1. janúar 2018 eða síðar.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Unnur Gunnarsdóttir


Halldóra Elín Ólafsdóttir